

# FUNDARGERÐ

**240. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra fór fram miðvikudaginn 12. febrúar 2025, kl. 13:00 í gegnum Teams.**

## Mætt

Úr heilbrigðisnefnd:

Helgi Haraldsson  
Stefán Haukur Grímsson  
Anna Karen Úlfarsdóttir  
Sigríður Friðný Halldórsdóttir  
Kristín Halldórsdóttir

Starfsmenn:

Leifur Þorkelsson  
Jóhannes Haukur Hauksson  
Oddgeir Sigurjónsson  
Þórey Agnarsdóttir  
Radek B. Dudziak

## Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Hamragerði 15 á Akureyri, umgengni á lóð
3. Auto ehf. Setbergi Svalbarðsströnd
4. Svifryk á Akureyri
5. Umsagnir
6. Útgefin starfsleyfi
7. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE
8. Staðfestar skráningar
9. Fóðurverksmiðjan Laxá, endurnýjun starfsleyfis vegna framleiðslu á fiskafóðri í Krossanesi
10. Önnur mál

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð 239. fundar heilbrigðisnefndar sem fór fram þann 5. desember sl. Heilbrigðisnefnd taldi þá ekki tilefni til þess að taka til umfjöllunar ósk lóðarhafa við Hamragerði 15 á Akureyri um niðurfellingu dagsekta og ítrekaði að dagsektir yrðu lagðar á þar til bætt yrði úr umgengni á lóðinni. Jafnframt var áréttað að álagningu dagsekta á Auto ehf. vegna umgengni við Setberg á Svalbarðsströnd yrði haldið áfram það til úr yrði bætt. Rætt var um mikinn fjölda staðfesta skráninga fyrir brennur og flugeldasýningar og ítrekuð beiðni um upplýsingar frá Akureyrarbæ varðandi vinnu skv. verklagsreglum um aðgerðir gegn loftmengun utandyra.

## 2. Hamragerði 15 á Akureyri, umgengni á lóð

Áform lóðarhafa um að koma lóðinni í ásættanlegt horf fyrir miðjan desember gengu ekki eftir. Talsverður fjöldi bíla og annarra lausamuna er enn innan lóðarmarka og fyrir vikið er lóðin til lýta fyrir umhverfið.

***Enn á ný gerir Heilbrigðisnefnd þá kröfu að lóðarhafi virði samþykkt um umgengni og þrifnað utanhúss sem og reglugerðir um hollustuhætti og meðhöndlun úrgangs. Nefndin ítrekar að dagsektir verða lagðar á þar til úr verður bætt.***

## 3. Auto ehf. Setbergi Svalbarðsströnd

Enn hefur ekki verið brugðist við fyrirmælum heilbrigðisnefndar um tiltekt á lóðinni sem er því enn til lýta fyrir umhverfið.

***Heilbrigðisnefnd ítrekar kröfu um hreinsun á lóðinni og að forgangsverkefni verið að fjarlægja bíla og lausamuni sem blasa við frá þjóðvegi. Jafnframt ítrekar nefndin að dagsektir verða lagðar á þar til brugðist verður við kröfu um hreinsun lóðarinnar.***

## 4. Svifryk á Akureyri

Þann 10. desember sl. mældist hæsti svifrykstoppur við Hof á Akureyri  $416 \mu\text{g}/\text{m}^3$  og sólarhringsmeðaltalið rúmlega  $109 \mu\text{g}/\text{m}^3$ . Sólarhringsmeðaltalið var því meira en tvöfalt yfir heilsuverndarmörkum og hæstu gildi mældust meira en áttfalt yfir mörkum.

Í kjölfar þessarar miklu svifryksmengunar sendi HNE fyrirspurn til Akureyrarbæjar varðandi verklagsreglur bæjarins um loftmengun utandyra og vinnu samkvæmt þeim.

Af svari Akureyrarbæjar má ráða að ekki sé unnið samkvæmt verklagsreglunum nema að litlu leyti. Tilraunir með notkun á mangesíumklóríð til rykbindingar eru ekki hafnar en þær áttu samkvæmt áætluninni að hefjast núna í vetur. Upplýsingar úr lofgæðamælum sem bærinn setti upp í desember 2022 hafa enn ekki verið gerðar aðgengilegar almenningi en verklagsreglurnar gerðu ráð fyrir að því yrði snemma árs 2024. Viðvaranir til almennings voru ekki sendar út fyrir en daginn eftir að ástandið var sem verst og talsvert virðist skorta uppá samstarf bæjarins og Vegagerðarinnar um hreinsun gatna.

***Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á að takmörkun svifryks er mikilvægt lýðheilsumál sem nauðsynlegt er að taka föstum tókum og harnar hve takmarkaður árangur hefur náðst í því máli á Akureyri. Mikilvægt er að veghaldarar sinni viðhaldi, þrifum og rykbindingu eins og til er ætlast og gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi verklagsreglum. Það er óviðunandi að upp komi aðstæður sem teljast verði heilsuspillandi, eins og gerðist t.d. þann 10. desember sl., án þess að gripið sé til viðeigandi aðgerða. Jafnframt er hvatt til að niðurstöður mælinga úr svifryksmælum sem settir voru upp á árinu 2022 verði***

**gerðar aðgengilegar almenningi og að unnið verði skv. fyrirliggjandi verklagsreglum, bæði þegar fyrirsjáanlegt er að mengun verði mikil og út frá niðurstöðum mælinga.**

## 5. Umsagnir

1. Umsögn um skipulagslýsingu vegna deiliskipulags fyrir Hraun í Öxnadal
2. Umsögn um ástand Þingeyjarskóla
3. Umsögn um teikningar af viðbyggingu Borgarhólsskóla á Húsavík
4. Umsögn um breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 vegna efnisnáms við Hálsá

## 6. Útgefin starfsleyfi

1. Skor píla Akureyri ehf., kt. 480424-0690, Gleráreyrum 1, 600 Akureyri, pílukaststaður með einföldum bar
2. Akureyrarapótek Norðurtorgi ehf., kt. 620324-0940, Austursíðu 6, 603 Akureyri, apótek
3. Ólafur Gíslason, kt. 0607744129, Tungukoti, 604 Akureyri, sala á gistingu án veitingasölu
4. Endurhæfingarstöðin ehf., kt. 690199-2469, Glerárgötu 20, 600 Akureyri, sjúkráþjálfun
5. Akur-veitingar ehf. kt. 670423-1900, La Cuisine matsölubás í Iðunni mathöll, Glerártorgi, Gleráreyrum 1, 600 Akureyri, veitingastaður
6. Gísli, Eiríkur, Helgi ehf. kt., 520713-1580, Steinholt, Karlsrauðatorgi 11, 620 Dalvík, sala á gistingu án veitingasölu
7. Sjíro ehf., kt 500924-1440, Oshi, matsölubás í Iðunni mathöll, Glerártorgi, Gleráreyrum 1, 600 Akureyri, veitingastaður
8. popolare ehf., kt. 490822-1940 Pizza Popolare, matsölubás í Iðunni mathöll, Glerártorgi, Gleráreyrum 1, 600 Akureyri, veitingastaður
9. AIMG ehf., 411024-0400, Strýtan, matsölubás í Iðunni mathöll, Glerártorgi, Gleráreyrum 1, 600 Akureyri, veitingastaður
10. La Chingona ehf., kt. 611222-1060, Fuego Taqueria, matsölubás í Iðunni mathöll, Glerártorgi, Gleráreyrum 1, 600 Akureyri, veitingastaður
11. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Íþróttahöllin v/skólastíg, 600 Akureyri, Íþróttahús
12. Strandgatan 7 ehf., kt. 611220-1700, Eiðsvallagata 5, 600 Akureyri, vörugemysla
13. N1 ehf., kt. 411003-3370, við Leiruveg, 600, Akureyri, bensínstöð með þjónustu og veitingasölu
14. Stefán Bjarmar Stefánsson kt. 280278-5059. Hólinn, menningarhúsinu Bergi á Dalvík, sala á veitingum
15. Snyrtistofan Hólm slf. kt. 421224-1370, Fjarðavegur 5, 680 Þórshöfn, snyrtistofa
16. S14 ehf., kt. 490519-2110, Tryggvabraut 22, 600 Akureyri, sala á einföldum veitingum
17. Rupia ehf., kt. 660213-1550, Hafnarstræti 26a, 600 Akureyri, sala á gistingu án veitingasölu
18. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins kt. 410169-4369, Austursíðu 6, 603 Akureyri, áfengisverslun
19. Telma Eir Aradóttir, kt. 190199-3209, Abaco heilsulind Hrísalundi 1, 600 Akureyri, Fótaaðgerðarstofa
20. Hulda Arnsteinsdóttir, kt. 170759-5329, Litla Dunhaga, 604 Akureyri, sala á matvælum framleiddum í mótuneyti Þelamerkurskóla
21. Úr héraði ehf., kt. 500822-1550, Iðnbær, Kvíhólsmýri 1b, 650 Laugar, framleiðsla á matvælum
22. VA snyrtistofa ehf., kt. 540125-0660, Kaupangur v/Mýrarveg, 600 Akureyri, snyrtistofa

23. BV fasteignir kt. 440821-1030, Kotra 13, 605 Akureyri, sala á gistingu án veitingasölu.
24. 640 Veitingar ehf. kt. 571024-3319, Golfskáli Húsavíkur, Katlavelli, 640 Húsavík, veitingarekstur (breyting á rekstaraðila)
25. Jiri ehf. 680624-0890, Matarskemman, Kjarna 650, Laugar, pökkun á fæðubótarefnum.
26. Yohan Nonghee kt. 210704-2800, Ráðhústorg, 600 Akureyri, Sala á grilluðum mat utandyra  
**Afgreiðslu frestað til næsta fundar**

**Heilbrigðisnefnd samþykkir útgáfu ofangreindra starfsleyfa með þeim fyrirvörum sem tilteknir eru.**

## **7. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE**

atNorth ehf. kt. 571115-0690, Hlíðarfjallsvegi 3, 603 Akureyri, varaflstöðvar fyrir gagnaver

**Heilbrigðisnefnd samþykkir að starfsleyfið verði gefið út að umsagnarfresti liðnum, nema athugasemdir sem kunna að berst við tillöguna gefi tilefni til annars**

## **8. Staðfestar skráningar**

Staðfestar hafa verið skráningar vegna eftirtalinnar atvinnustarfsemi sem talin er upp í viðauka reglugerðar 830/2022:

1. Sólveig Jóna Geirsdóttir, kt. 171176-3879, Brekkugata 5b, 600 Akureyri, nuddstofa
2. Óskar Þór Davíðsson, kt. 301187-3359, Helgamagarstræti 43, 600 Akureyri, niðurrif asbests
3. Hnýfill ehf. kt. 541295-2169, Óseyri 22, 603 Akureyri, vinnsla fisks og annarra sjávarafurða

## **9. Fóðurverksmiðjan Laxá, endurnýjun starfsleyfis vegna framleiðslu á fiskafóðri í Krossanesi**

Tillaga að starfsleyfi fyrir var auglýst á heimasíðu HNE þann 20. desember sl. og gefin fjögurra vikna frestur til athugasemda í samræmi við kröfur sem fram koma í reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Einn aðili sendi inn athugasemd við tillöguna þar sem m.a. var bent á að lykt frá verksmiðjunni hefði neikvæð áhrif í nærliggjandi íbúabyggð og að ekki væri heppilegt gefa út starfsleyfi á þessum tímapunkti þar sem að næstu vikum og mánuðum flyttu fyrstu íbúarnir í nýtt hverfi í nágrenni verksmiðjunnar. Einnig var gerð athugasemd við að í starfsleyfisráðgjörðum væri vísað í úrelt gögn, spurst fyrir efnasamsetningu útblásturslofts, eftirlit með útblæstri og fleira.

**Heilbrigðisnefnd bendir á að verksmiðjan stendur á lóð sem er í gildandi deiliskipulagi skilgreind sem lóð undir fóðuriðnað og er starfsemi verksmiðjunnar því í samræmi við skipulag. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir öðrum athugasemdum og fyrirspurnum sem fram komu við starfsleyfistillöguna og viðbrögðum við þeim. Að mati nefndarinnar gefa framkomnar**

***athugasemdir ekki tilefni til þess að gera breytingar á starfsleyfistillögunni eða falla frá útgáfu starfsleyfisins.***

***Starfsmönnum HNE er falið að ganga frá útgáfu starfsleyfis vegna starfseminnar í samræmi við framlagða tillögu.***

## **10. Önnur mál**

Næsti fundur er áætlaður 9. apríl

Fundi slitið kl. 14:15

# Undirritunarsíða

Formaður heilbrigðisnefndar  
Helgi Haraldsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd  
Stefán Haukur Grímsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd  
Anna Karen Úlfarsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd  
Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd  
Kristín Halldórsdóttir

Framkvæmdarstjóri HNE  
Leifur Þorkelsson

Heilbrigðisfulltrúi  
Steinn Oddgeir Sigurjónsson

Heilbrigðisfulltrúi  
Þórey Agnarsdóttir

Heilbrigðisfulltrúi  
Jóhannes Haukur Hauksson

Heilbrigðisfulltrúi  
Radoslaw Boleslaw Dudziak